

# Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits 2019

Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



September

2020



# **Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits 2019**

**Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

**Orkustofnun**

**September**

**2020**

Útgefandi:

Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Sími: 569 6000, Fax, 568 8896

Tölvupóstur: os@os.is

Vefur: <http://www.os.is/>

Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun

Yfirlstur: Þórunn Erla Sighvats

Prentun: Oddi ehf

Ritstjórn:

Sigurður H. Magnússon

Silja Rán Sigurðardóttir

Rán Jónsdóttir

Hanna Björg Konráðsdóttir

Guðmundur Ingi Bergþórsson

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar og prentuð í takmörkuðu upplagi.

OS-2020-03

978-9979-68-565-4 OS-2020-03 - prent

978-9979-68-566-1 OS-2020-03 - pdf

Efni skýrslunnar má nota, en óskað er að heimildar sé getið.

September 2020

# EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>2</b>	<b>MARKMIÐ RAFORKUEFTIRLITS</b> .....	<b>7</b>
<b>3</b>	<b>STARFSEMI RAFORKUEFTIRLITS</b> .....	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS</b> .....	<b>8</b>
4.1	SÖFNUN BÓKHALDSGAGNA .....	11
4.2	UPPGJÖR TEKJUMARKA OG VEGINN FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR .....	11
4.3	EFTIRLIT MEÐ GJALDSKRÁM SÉRLEYFISFYRIRTÆKJA .....	13
4.4	ÞÁTTTAKA Í NEFNDUM OG VINNUHÓPUM Á VEGUM ANR .....	13
4.5	GÆÐI RAFORKU OG AFHENDINGARÖRYGGI .....	14
4.6	MÁL FYRIR ÚRSKURÐARNEFND .....	14
4.6.1	<i>Mál 3/2018 Orkubú Vestfjarða gegn Orkustofnun</i> .....	14
4.6.2	<i>Mál 1/2018 Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. gegn Orkustofnun</i> .....	15
4.7	LEYFISVEITINGAR .....	15
4.8	ERLENT SAMSTARF .....	16
4.9	KERFISÁÆTLUN.....	17
<b>5</b>	<b>REKSTARÁÆTLUN RAFORKUEFTIRLITSINS</b> .....	<b>17</b>
5.1	RAFORKUEFTIRLITSGJALD.....	17
5.2	GJALDTAKA Á GRUNDEVILLI 31. GR. RAFORKULAGA .....	17
5.3	NÝTING RAFORKUEFTIRLITSGJALDS .....	18
5.4	REKSTRARUMFANG RAFORKUEFTIRLITS ÁRIÐ 2019 .....	18
5.5	YFIRLIT YFIR ÁRIN 2017 TIL 2021 .....	19
5.6	KOSTNAÐUR RAFORKUEFTIRLITS.....	19
5.6.1	<i>Vinnuþáttur OS [b1]</i> .....	19
5.6.2	<i>Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2]</i> .....	19
5.7	ÁLAGNING EFTIRLITSGJALDS FYRIR ÁRIÐ 2019 .....	19
	<b>ATHUGASEMDIR SAMRÁÐSNEFNDAR KOM FRAM Í VIÐAUKA I</b> .....	<b>25</b>
	<b>VIÐAUKI I – UMSÖGN SAMRÁÐSNEFNDAR EFTIRLITSSKYLDRA AÐILA</b> .....	<b>20</b>
	<b>VIÐAUKI II – ÁLIT ORKUMÁLASTJÓRA VIÐ ATHUGASEMDIR SAMRÁÐSNEFNDAR</b> .....	<b>25</b>

## Töflur

TAFLA 1. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR YFIR TEKJUR OG KOSTNAÐ 2017, 2018 OG 2019 [p.KR.].....	7
TAFLA 2. VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS ÁRIÐ 2019, SKIPT EFTIR FJÖLDA VINNUSTUNDA .....	10
TAFLA 3. UPPGJÖR TEKJUMARKA 2018 [Í MILLJÖRÐUM KRÓNA] .....	12
TAFLA 4. UPPGJÖR TEKJUMARKA DREIFIVEITNA ÁRIÐ 2017.....	13
TAFLA 5. UPPGJÖR TEKJUMARKA DREIFIVEITNA ÁRIÐ 2018.....	13
TAFLA 6. UPPGJÖR TEKJUMARKA FLUTNINGSFYRIRTÆKIS ÁRIN 2017 OG 2018.....	13
TAFLA 7. TEKJUR OG GJÖLD 2019 [p.KR.] .....	18
TAFLA 8. YFIRLIT FYRIR ÁRIN 2017 TIL 2021 [p.KR.] .....	19

## Myndir

MYND 1. NIÐURSTAÐA UPPGJÖRS TEKJUMARKA ÁRSINS 2018 .....	11
MYND 2. HLUTFÖLL ÞEIRRA ÞÁTTA SEM MYNDA TEKJUMÖRK.....	12

# 1 INNGANGUR

Orkumálastjóri skal skv. 2. mgr. 31. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, gefa ráðherra skýrslu fyrir 15. september ár hvert um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laganna. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár.

Verður hér gerð grein fyrir starfsemi Orkustofnunar á árinu 2019, sem lýtur að eftirlitsþáttum með raforkufyrirtækjum vegna áranna 2017, 2018 og 2019. Auk þess fylgir endurskoðun á rekstrar-áætlun vegna ársins 2020 og áætlun fyrir árið 2021.

Nú liggur uppgjör vegna reksturs raforkueftirlits árið 2019 fyrir og nam kostnaður við rekstur eftirlitsins u.þ.b. 130 m.kr. Tekjur raforkueftirlits á árinu 2019 voru 109,8 m.kr. Tap er á rekstri raforkueftirlits á árinu 2019 eins og undanfarin ár. Eftir hækkun á raforkueftirlitsgjaldi er búist við að afgangur verði á rekstri eftirlitsins.

Samandregnar niðurstöður fyrir árið 2019 sjást í töflu 1. Sjá nánari sundurliðun fyrir vinnuþátt í kafla 4 og heildaryfirlit ásamt sundurliðun á önnur gjöld í kafla 5.4.

Tafla 1. Samandregnar niðurstöður yfir tekjur og kostnað 2017, 2018 og 2019 [þ.kr.]

Texti	Upphæð	Upphæð	Upphæð
	2017	2018	2019
Tekjur.....	109.175	112.940	109.854
Vinnuþáttur OS.....	-93.023	-106.401	-109.792
Önnur gjöld.....	-19.221	-15.505	-19.899
<b>Mismunur.....</b>	<b>-3.069</b>	<b>-8.965</b>	<b>-19.836</b>

Breytingin á milli 2019 og 2018 er lækkun tekna upp á 3,1 m.kr. og hækkun vinnuþátta er 3,4 m.kr. Gjaldfærður kostnaður hækkar um 4,4 m.kr.

Samkvæmt raforkulögum greiðir flutningsfyrirtæki 0,4 auru á hverja kWst af raforku sem mötuð er inn á flutningskerfið og dreifiveitur 1 eyri á hverja kWst af þeirri raforku sem móttækin er frá flutningskerfi eða beint frá virkjun.

Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, dagsett 30. september 2020, fylgir skýrslunni í viðauka I. Orkustofnun hefur kynnt sér álit eftirlitsskyldra aðila og í viðauka II eru álit orkumálastjóra við athugasemdir nefndarinnar.

## 2 MARKMIÐ RAFORKUEFTIRLITS

Markmið raforkueftirlits er að hafa eftirlit með því að fyrirtæki á raforkumarkaði starfi samkvæmt raforkulögum en samkvæmt 1. mgr. 31. gr. raforkulaga á raforkueftirlitsgjald að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt raforkulögum. Þetta eftirlit felst m.a. í því að veita sérleyfisfyrirtækjum, sem annast flutning og dreifingu raforku, aðhald til að tryggja að raforkunotendur búi við afhendingaröryggi á raforku gegn sanngjörnu verði. Til að ná fram því markmiði eru leyfðar tekjur fyrirtækjanna ákvarðaðar, lögum samkvæmt, með setningu og uppgjöri tekjumarkna. Til þess að ná þessum markmiðum er mikilvægt að sinna eftirliti með öllum þáttum sérleyfisfyrirtækja með því að gera úttektir á starfsemi þeirra.

### 3 STARFSEMI RAFORKUEFTIRLITS

Innan raforkueftirlits eru fimm stöðugildi. Vegna fæðingarorlofs og námsleyfi hluta starfsmanna voru stöðugildin ekki fullnýtt. Skipta má starfsmönnum eftirlitsins eftir starfssviði með eftirfarandi hætti.

- ✓ Verkefnastjóri – hagfræði raforkumála
- ✓ Verkefnastjóri – verkfræði raforkumála
- ✓ Verkefnastjóri – raforkueftirlit – rekstur
- ✓ Verkefnastjóri – raforkueftirlit – skipulag raforkumarkaða
- ✓ Lögfræðingur – raforkueftirlit - lögfræðimál

### 4 VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS

Þann 2. september 2019 var tillaga utanríkisráðherra til þingsályktunar um innleiðingu á þriðju raforkutílskipun ESB (þriðja orkupakkanum) samþykkt á Alþingi. Málið hafði hlotið mikla umræðu á Alþingi en afgreiðsla þess var frestað um vorið og boðað var sérstaklega til þings til að ljúka afgreiðslu málsins. Með samþykkt Alþingis fær Orkustofnun aukið hlutverk og nýjar skyldur leggjast á raforkueftirlitið. Raforkueftirlit Orkustofnunar hefur tekið saman yfirlit um helstu atriði innri raforkumarkaðar ESB sem lýtur að eftirlitshlutverki stofnunarinnar.

Ísland hefur verið þátttakandi í innri orkumarkaði Evrópusambandsins frá árinu 2003 með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB, sem gjarnan er nefnd fyrsta raforkutílskipunin. Með tilskipuninni voru dregnar meginlínur um skipulag markaðarins þar sem ríkin skyldu afnema einokun á framleiðslu og sölu raforku og tryggja jafnfræði notenda flutnings- og dreifikerfa. Gerðar voru kröfur um að opnað yrði fyrir samkeppni í framleiðslu raforku, óháð stærð og gerð markaða, þannig væri samkeppnishluti raforkuvinnslunnar skilinn frá sérleyfisrekstri, þ.e. flutningi og dreifingu, a.m.k frá bókhaldslegu sjónarmiði.

Árið 2003 var annar orkupakkinn samþykktur. Markmið hans var að flýta fyrir samkeppnishæfum gas raforku- og gasmarkaði. Tilskipun 2003/54/EB var meðal þeirra gerða sem voru samþykktar og tók hún við af tilskipun 96/92/EB. Tilskipun 2003/54 boðaði mikilvægi þess að allir notendur gætu valið við hvern þeir versla. Opnun markaðarins var ekki innleidd strax, en krafa var sett um að aðildarríkin innleiddu fulla markaðsopnun í síðasta lagi 1. júlí 2007. Raforkulögin 65/2003 gengu lengra en hér á landi var krafist fullrar markaðsopnunar fyrir 1. janúar 2006.

Tilskipun 2003/54/EB felur í sér frekari aðskilnað samkeppnis- og einokunarpáttá í rekstri raforku- fyrirtækja, fyrirtækjaaðskilnað og stjórnunarlegan aðskilnað, ekki eingöngu bókhaldslegan. Ástæðan fyrir fullkomnum fyrirtækjaaðskilnaði var að tryggja jafnan aðgang framleiðanda að flutnings- og dreifikerfum raforku og koma í veg fyrir samkeppnishindranir sem kynnu að leiða af því að sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi er á sömu hendi. Var ekki gerð krafa um aðskilið eignarhald en settar voru reglur um sjálfstæði stjórnar og gerðar voru kröfur um lagalegan aðskilnað fyrir flutningsfyrirtæki og stærri dreifiveitur. Var efni hennar meðal annars innleitt í íslenskan rétt í II. og IV. kafla laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði nr. 58/2008.

1

---

<sup>1</sup> Ragna Árnadóttir, *Áhrif innleiðingar þriðja orkupakka ESB í íslenskan rétt*, Úlfliótur- vefrit, 2018



Þriðja raforkutilskipunin (2009/72/EB) var innleidd í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar frá 5. maí 2017. Þriðja raforkutilskipunin tekur að miklu leyti til sömu atriða og önnur raforkutilskipunin, með breytingum sem eru taldar nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum orkustefnu ESB sem mörkuð hefur verið í fyrri orkupökkum. Þannig er sem fyrr að finna sameiginlegar reglur um framleiðslu, flutning, dreifingu og afhendingu rafmagns, auk ákvæða er varða neytendavernd, með það að markmiði að bæta og samþætta samkeppnishæfa raforkumarkaði innan bandalagsins. Meginefni hennar snýr að því að afmarka hvernig skipulag raforkumarkaðarins skuli vera og dregur hún ákveðnar línur um hlutverk ríkisins á raforkumarkaði. Þá setur tilskipunin skilyrði varðandi alþjónustu og réttindi raforkunotenda auk þess að skýra samkeppnisskilyrði. Tilgangur tilskipunarinnar er að sundurgreina enn frekar vinnslu og sölu frá flutningi og dreifingu, auka samstarf, fjárfestingar og viðskipti með raforku milli landa, auka gegnsæi í kerfisrekstri og vinnslu og auka virkni eftirlitsaðila. Helstu nýmæli tilskipunar 2009/72/EB snúa að sundurgreiningu flutningskerfa frá öðrum rekstri og sjálfstæði raforkueftirlits innan aðildarríkja ESB og EFTA.

### **Aukið eftirlit raforkueftirlits.**

Til að markmið tilskipunarinnar um virkan markað, sem einkennist af samkeppni nái fram að ganga, er mikilvægt að til staðar sé skilvirkt eftirlit og að eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum hafi fullnægjandi valdheimildir.

Með þriðju raforkutilskipuninni var eftirlitsskylda og sjálfstæði eftirlitsaðila í aðildarríkjunum eftt. Samkvæmt tilskipuninni ber aðildarríkjunum að skipa eftirlitsyfirvöld sem skulu vera fullkomlega óháð hagsmunum raforkumarkaðarins. Þá eru einnig nýjar kröfur gerðar til þeirra verkefna sem raforkueftirlitum eru fengin. Sjálfstæð eining innan Orkustofnunar sem nefnt er raforkueftirlitið fer með þann þátt sem snýr að eftirliti með raforkumarkaðnum, samanber lög nr. 112/2019. Ljóst er að þær nýju skyldur sem leiða af raforkutilskipun nr. 2009/72 kalla á að raforkueftirlit Orkustofnunar sé eftt frá því sem verið hefur. Verkefni þessi eru talin upp í 37. gr. raforkutilskipunarinnar. Þau atriði í 37. gr. tilskipunarinnar sem hafa mest áhrif á umfang starfsemi raforkueftirlits eru:

1. Nýjar skyldur á sviði neytendaverndar og eftirlits með smásölu – og heildsölumarkaði raforku, að framkvæma athuganir á starfsemi raforkumarkaðs og að taka ákvarðanir um að grípa til nauðsynlegra og hóflegra aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni og tryggja að markaðurinn starfi eðlilega.
2. Færsla á yfirferð netmála frá ANR til Orkustofnunar ásamt eftirliti með veitingu jöfnunarþjónustu Landsnets.
3. Þátttaka í ACER (Agency for the Cooperation of Energy Regulators). ACER er ný stofnun sem komið er á fót með þriðju tilskipuninni og Orkustofnun ber að taka átt í starfsemi hennar.
4. Kerfisáætlun. Verkefni tengd kerfisáætlun Landsnets eru hluti af þessum nýju skyldum en þau eru nú þegar komin til framkvæmda með lögum nr. 26/2015, um breytingu á raforkulögum, sbr. 9. gr. b. raforkulaga.
5. Nýjar heimildir til beitingar stjórnáætlunarlaga sbr. 4. tölul. d.
6. Eftirlit og skýrslugerð um raforkuöryggi sbr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Skyldur raforkueftirlitsins eru útlistaðar í almennum athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 112/2019. Þessar skyldur er ekki útfærðar í lögnum en gert er ráð fyrir að um þær verði mælt í reglugerð. Jafnframt er með lögum nr. 112/2019 kveðið á um aukin úrræði til að áminna rekstraraðila og leggja á stjórnvaldssektir. Er það hluti af því að efla Orkustofnun í eftirliti sínu með aðilum á raforkumarkaði og auka sjálfstæði raforkueftirlits stofnunarinnar. Hins vegar er raforkueftirlitinu ekki fengnar heimildir til beinnar íhlutunar í starfsemi orkufyrirtækja með lögum nr. 112/2019.

Tafla 2. Verkefni raforkueftirlits árið 2019, skipt eftir fjölda vinnustunda

Nr.	Texti	Hlutf.	Fjöldi tíma
1.	Leyfisveitingar.....	5,6%	432
2.	Kerfisáætlun.....	19,8%	1.534
3.	Viðskiptaskilmálar.....	3,0%	229
4.	Uppgjör og setning tekjumarka.....	9,7%	752
5.	Raforkueftirlit, almennt.....	24,8%	1.921
6.	Raforkulög og raforkureglugerðir.....	6,4%	493
7.	Raforkuspá.....	1,3%	101
8.	Fyrirspurnir, kvartanir og kærur.....	14,8%	1.144
9.	Raforkuöryggi og gæði.....	4,4%	341
10.	Gagnavinnsla.....	2,7%	207
11.	Alþjóðleg samvinna.....	5,5%	429
12.	Innlend samvinna.....	1,9%	151
	<b>Samtals.....</b>	<b>100,0%</b>	<b>7.732</b>

Nánari lýsing á hverjum málaflokki er eftirfarandi:

**Liður 1. „Leyfisveitingar“** varðar vinnu við útgefin leyfi t.d. flutningsvirkja.

**Liður 2. „Kerfisáætlun“** varðar kerfisáætlun Landsnets. Samkvæmt raforkulögum skal Orkustofnun fara yfir og samþykkja kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins.

**Liður 3. „Viðskiptaskilmálar“** Varðar vinnu vegna leyfðar arðsemdar (WACC). Einnig eru gjaldskráma og netskilmálar undir þessum lið.

**Liður 4. „Uppgjör og setning tekjumarka“** varðar vinnu við setningu og uppgjör tekjumarka eftirlitsskyldra aðila.

**Liður 5. „Raforkueftirlit, almennt“** varðar ýmis tilfallandi verk starfsmanna eins og samskipti í tölvupósti, svar við fyrirspurnum og ýmsa innri starfsemi sem ekki tengist einu verkefni sérstaklega. Ennfremur er hér að ræða vinnu varðandi fundi, fjármál, raforkuspá, skýrslugerð og blandaðar jarðvarmavirkjanir.

**Liður 6. „Raforkulög og raforkureglugerðir“** varðar vinnu við breytingar á lögum og reglugerðum.

**Liður 7. „Raforkuspá“** varðar vinnu í raforkuhóp Orkuspárnefndar.

**Liður 8. „Fyrirspurnir, kvartanir og kærur“** varðar vinnu við innsendar fyrirspurnir og kvartanir.

**Liður 9. „Raforkuöryggi og gæði“** varðar vinnu varðandi raforkuöryggi og gæði raforku.

**Liður 10. „Gagnavinnsla“** varðar vinnu við gagnavinnslu raforkueftirlits.

**Liður 11. „Alþjóðleg samvinna“** varðar þá vinnu sem starfsmenn raforkueftirlits hafa tekið þátt í vegna alþjóðlegs samstarf s.s. á vegum NordBER og NordREG auk vinnu vegna skila á tölfræðiupplýsingum um orkumál til Eurostat og IEA.

**Liður 12. „Innlend samvinna“** varðar fundi með innlendum aðilum um raforkueftirlitsmál eins og t.d. með samráðshópi eftirlitsskyldra aðila.

## 4.1 Söfnun bókhaldsgagna


Eins og verklagsreglur Orkustofnunar segja til um var bókhalds- og tækniupplýsingum fyrir árið 2018 aflað vorið 2019. Bókhaldsgögnin eru yfirfarin af endurskoðunarfyrtækni til að staðfesta að þau séu í samræmi við ársreikninga fyrirtækjanna, raforkulög og leiðbeiningar Orkustofnunar.

Starfsemi veitufyrirtækjanna er að nokkru leyti ólík sem og umfang starfsemi þeirra. Oftast eru fyrirtækin einnig með aðra starfsemi s.s. sölu á heitu og köldu vatni. Raforkulög gera ráð fyrir aðskilnaði bókhalds raforkufyrirtækja milli framleiðslu, dreifingar og sölu raforku. Bókhald fyrirtækjanna þarf að endurspeglar ólíka þætti starfseminnar svo að Orkustofnun geti gegnt hlutverki sínu við eftirlit.

Þeim fyrirtækjum er gert að skila Orkustofnun bókhaldsgögnum eigi síðar en 1. maí ár hvert þannig að öll vinna raforkueftirlits við rýni á gögnum frá eftirlitsskildum aðilum, vinna endurskoðenda og uppgjör tekjumarka dreifiveitna, verður að eiga sér stað á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrtækis skal vera lokið 1. ágúst. og dreifiveitna fyrir 1. september.

## 4.2 Uppgjör tekjumarka og veginn fjármagnskostnaður

Tekjumörk ársins 2018 voru gerð upp árið 2019. Uppfærð tekjumörk sérleyfisfyrirtækjanna námu alls 37,5 milljörðum króna árið 2018, eða 23,2 milljarðar vegna dreifiveitna og 14,3 milljarðar vegna flutningsfyrtækis. Til að tryggja að markmiðum raforkulaga sé náð, þarf einnig að sinna eftirliti með öðrum þáttum í starfsemi flutningsfyrtækisins Landsnets, og dreifiveitnanna.




Mynd 1. Niðurstaða uppgjörs tekjumarka ársins 2018

Á mynd 1 er stofnkerfi RARIK ekki tekið með en það nam 345 m.kr. Af þessum sökum passar upphæð tekjumarka í mynd 1. fyrir RARIK ekki við niðurstöður í töflu 3.

Tekjumörk samanstanda í stórum dráttum af afskriftum, leyfðum fjármagnskostnaði og rekstrarkostnaði, en tekjumörk dreifiveitna innihalda líka raunflutnings- og tapkostnað. Afskriftir

eru línulegar samkvæmt leiðbeiningum Orkustofnunar, þá er rekstrarkostnaður ákvarðaður á fimm ára fresti með setningu tekjumarka, og leyfður fjármagnskostnaður er margfeldi mats á vegnum fjármagnskostnaði (WACC) og sérstökum tekjumarkaeignastofni sérleyfisfyrirtækjanna. Tekjumarkaeignastofn sérleyfisfyrirtækjanna er bókfært virði eigna uppfært m.t.t. vísitölu og afskrifta ár hvert.

Á myndum 1 og 2 má sjá lokaniðurstöðu uppgjors tekjumarka sérleyfisfyrirtækjanna fyrir árið 2018 ásamt skiptingu á milli þeirra þátta sem tekjumörkin mynda.



Mynd 2. Hlutföll þeirra þátta sem mynda tekjumörk.

Landsnet, RARIK og Orkubú Vestfjarða hafa tvískipt tekjumörk, sjá mynd 1 hér að framan.

Uppgjör tekjumarka 2018 sem fór fram á árinu 2019, er sem hér segir:

Tafla 3. Uppgjör tekjumarka 2018 [í milljörðum króna]

	2018	2017
HS Veitur.....	3,9	3,5
Norðurorka.....	0,8	0,8
Orkubú Vestfjarða.....	1,5	1,5
Veitur ohf.....	7,2	6,9
Rafveita Reyðarfjarðar.....	0,1	0,1
RARIK.....	9,6	9,5
<b>Samtals.....</b>	<b>23,2</b>	<b>22,3</b>
<b>Landsnet.....</b>	<b>14,3</b>	<b>13,3</b>
<b>Alls.....</b>	<b>37,5</b>	<b>35,5</b>

Ákvörðun um WACC 2020 var tekin þann 30. apríl 2019.

Eftirfarandi eru dagsetningar á uppgjöri á tekjumörkum hjá dreifiveitum vegna árána 2017 og 2018.

Tafla 4. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna árið 2017

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur.....	2.7.2018
Norðurorka.....	27.6.2018
Orkubú Vestfjarða.....	2.7.2018
Veitur ohf. (var Orkuveita Reykjavíkur).....	3.7.2018
Rafveita Reyðarfjarðar.....	2.7.2018
RARIK.....	27.6.2018

Tafla 5. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna árið 2018

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur.....	24.6.2019
Norðurorka.....	14.8.2019
Orkubú Vestfjarða.....	28.6.2019
Veitur ohf. (var Orkuveita Reykjavíkur).....	27.6.2019
Rafveita Reyðarfjarðar.....	4.7.2019
RARIK.....	20.6.2019

Tafla 6. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis árin 2017 og 2018.

Flutningsfyrirtæki	Dagsetning uppgjors
Landsnet 2018.....	26.6.2018
Landsnet 2019.....	18.6.2019

### 4.3 Eftirlit með gjaldskrá sérleyfisfyrirtækja

Eftir að reglugerð nr. 192/2016 um veginn fjármagnskostnað tók gildi er auðveldara að leggja mat á uppgjör tekjumarka fram í tímann og getur raforkueftirlitið haft markvissara eftirlit með breytingum á gjaldskrá sérleyfisfyrirtækjanna eftir gildistöku reglugerðarinnar. Sérleyfisfyrirtækjum ber samkvæmt raforkulögum að tilkynna Orkustofnun tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá. Raforkueftirlitið óskar alla jafna eftir framtíðarmati á uppgjöri sé ekki um afleiddar breytingar að ræða.

### 4.4 Þátttaka í nefndum og vinnuhópum á vegum ANR

Frá árinu 2017 átti raforkueftirlitið einn fulltrúa í nefnd um þriggja fasa rafmagn og tvo fulltrúa í vinnuhóp um skilgreiningu stórnotenda. Mikil greiningarvinna hefur farið fram í raforkueftirlitinu tengt þessari þátttöku. Nefndin um þriggja fasa rafmagn lauk störfum á vormánuðum 2019 og var gefin út skýrsla með niðurstöðum nefndarinnar.

## 4.5 Gæði raforku og afhendingaröryggi

Orkustofnun hefur skv. reglugerð 1048/2004 eftirlit með raforkugæðum og afhendingaröryggi. Í því er fólgið að setja öllum aðilum raforkumarkaðarins kröfur um raforkugæði og afhendingaröryggi.

Fyrirtækjunum ber að skrá árlega í þar til gerðan gagnagrunn ástand spennu og tíðni, sem og allar bilanir, rekstrartruflanir og straumleysi ásamt umfangi þess. Slíkur samanburður milli ára og milli fyrirtækja er gagnlegur mælikvarði á breytingar á afhendingaröryggi þeirra.

Fyrirtækin skulu árlega setja sér markmið um fækkun truflana, bilana og skerðinga og skila árlega skýrslu til Orkustofnunar með samantekt um afhendingaröryggi síðasta árs í samanburði við markmið fyrirtækisins. Ef Orkustofnun telur þörf á, getur hún kallað eftir frekari gögnum.

Nái fyrirtækin ekki settum markmiðum um gæði raforku og afhendingaröryggi skulu þau gera Orkustofnun grein fyrir ástæðum þess að þau náðust ekki og fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta.

Ef ekki næst samkomulag milli flutningsfyrirtækis/dreifiveitu og viðskiptavinar varðandi gæði raforku og afhendingaröryggi ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitu að upplýsa viðskiptavininn um að heimilt sé að kvarta til Orkustofnunar sem eftirlitsaðila.

Raforkueftirlitið tekur þátt í samvinnu START-hópsins þar sem safnað er og birt tölfraði um rekstrartruflanir í raforkukerfinu.

Truflanaskráning skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, nr. 513/2003 og ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitu að varðveita skráninguna að lágmarki í 10 ár. Þá skulu truflanaskráningar vera í samræmi við reglur starfshóps um rekstrartruflanir (START) sem Orkustofnun hefur samþykkt. START-hópurinn gefur árlega út skýrslu um stuðla afhendingar raforku og eru þær birtar á vef hópsins: [www.truflun.is](http://www.truflun.is).

## 4.6 Mál fyrir úrskurðarnefnd

Úrskurðarnefnd raforkumála er skipuð á grundvelli 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar hefur skipað eftirtalda aðila í nefndina.

<b>Nefndarmenn eru:</b>	<b>Varamenn eru:</b>
Ragnheiður E. Þorsteinsdóttir, hdl., formaður	Víðar Lúðvíksson, hrl., varaformaður
Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir	Kirstín Flygenring
Ragnar J. Jónsson	Harpa Theodórsdóttir

Úrskurðarnefndinni er ætlað það hlutverk að úrskurða um kærur sem henni berast vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna.

Eftirfarandi er yfirlit yfir úrskurði nefndarinnar vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á árinu 2019:

### 4.6.1 Mál 3/2018 Orkubú Vestfjarða gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð í máli nr. 3/2018 þann 16. maí 2019 vegna kæru Orkubús Vestfjarða, dags. 15. maí 2018, á ákvörðun Orkustofnunar dags. 16. apríl 2018. Í málinu

kærði Orkubú Vestfjarða ákvörðun Orkustofnunar um gjaldtöku vegna lagningar rafstrengs í Mjóafirði og var þess krafist að hin kærða ákvörðun væri felld úr gildi. Í málinu var uppi ágreiningur milli kvartanda og Orkubús Vestfjarða vegna strenglagnar í sumarhús kvartanda og gjaldtöku vegna strenglagnarinnar. Niðurstaða Orkustofnunar var sú að Orkubúi Vestfjarða hafi verið óheimilt að miða gjaldtöku fyrir strenglagn að sumarhúsi kvartanda við ákvæði 4. gr. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða og hafi borið að miða gjaldtökuna við 5. gr. gjaldskrárinnar vegna tengingar nýrra notenda við kerfið og því hafi ákvæði um endurgreiðslurétt átt við. Úrskurðarnefnd raforkumála staðfesti ákvörðun Orkustofnunar.

#### **4.6.2 Mál 1/2018 Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. gegn Orkustofnun.**

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð í máli nr. 1/2018 þann 20. febrúar 2019. Vegna kæru Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf., dags. 27. febrúar 2018 á ákvörðun Orkustofnunar frá 13. febrúar 2018. Í málinu var kærð sú ákvörðun Orkustofnunar að hafna kröfu kæranda um að hnekka gjaldskrá RARIK, þar sem kyndistöð kæranda á lóðinni Ekkjufellssel 3 á iðnaðar- og athafnasvæði við Fellabæ er felld undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK. Krafðist Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. þess að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi og staðfest að RARIK væri óheimilt að fella iðnaðar- og athafnasvæðið við Fellabæ og kyndistöð kæranda undir dreifbýlisgjaldskrá RARIK.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. a. Raforkulaga skulu með umsókn dreifiveitu um skiptingu gjaldskrár fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra. Meginreglan er sú að ein gjaldskrá skuli gilda á dreifiveitusvæði og að sækja þurfi um sérstakt leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þegar kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli, sbr. 2. mgr. 17. gr. a og eru lögin skýr hvað þetta varðar. Gera lögin ráð fyrir því að gjaldskrá dreifiveitu skuli vera sett í samræmi við tekjumörk skv. 1. mgr. 17. gr. a. Sjónarmið að baki þessu lúta meðal annars að því að skipan byggða getur breyst og mikilvægt er við ákvörðun gjaldskrársvæða að hafa hliðsjón af markmiðum laganna, m.a. um að kostnaður vegna dreifingar sé sýnilegur notandanum. Að mati nefndarinnar uppfyllti samþykki Orkustofnunar á umsókn RARIK ekki skilyrði raforkulaga, þar sem gögn um landnotkun svæðisins fylgdu ekki með umsókn RARIK auk þess sem ekki var að finna gögn með umsókninni sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu væri verulega umfram dreifingu á öðrum iðnaðarsvæðum í Fellabæ að teknu tilliti til raforkunotkunar.

### **4.7 Leyfisveitingar**

Á árinu 2019 veitti Orkustofnun einu fyrirtæki leyfi (nr. OS-2019-L011-01) til þess að stunda raforkuviðskipti á grundvelli 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Vistafli ehf. fékk slíkt leyfi þann 10. september 2019.

Á árinu 2019 veitti Orkustofnun leyfi fyrir tveimur flutningsvirkjum á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Orkustofnun veitti þann 25. september 2019 Landsneti hf. leyfi (nr. OS-2019-L013-01) fyrir flutningsvirki á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga. Um var að ræða leyfi til að reisa raforkuflutningsvirki við Lækjartún.

Orkustofnun veitti þann 25. september 2019 Landsneti hf. leyfi (nr. OS-2019-L014-01) fyrir flutningsvirki á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga. Um var að ræða leyfi til að byggja nýja flutningslínu, Lækjartúnslínu 2.

## 4.8 Erlent samstarf

Raforkueftirlit Orkustofnunar tekur þátt í starfi ACER og á fulltrúa í Board of Regulators og í Electricity Working group.

Einnig tekur raforkueftirlit þátt í samstarfi NordBER sem er norrænn samráðsvettvangur um neyðarstjórnun raforkukerfa. NordBER samstarfið hófst formlega árið 2004 með samkomulagi norrænu ráðherranefndarinnar. Að samstarfinu koma eftirlitsaðilar raforkumála og flutningsfyrirtæki Norðurlandanna: Íslands, Finnlands, Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar.

Nokkrir vinnuhópar starfa á vegum NordBER, þeir eru breytilegir milli ára en árið 2019 voru þessir hópar virkir:

- Vinnuhópur um „cyber-öryggi“
- Vinnuhópur um áhættumat
- Vinnuhópur um samvinnu um viðhaldsmál
- Vinnuhópur um samhæfingu í þjálfun og neyðarstjórnaræfingum

Raforkueftirlit Orkustofnunar fer með formennsku 2018 til 2020. Á Íslandi tekur Landsnet auk raforkueftirlits Orkustofnunar þátt í samstarfinu.

Orkustofnun hefur verið aðili að NordREG sem eru samtök eftirlitsaðila á Norðurlöndunum. Á vettvangi NordREG er m.a. unnið að verkefnum tengdum aðferðafræði við fjárhagsþætti eftirlits, eignamat, afskriftir og arðsemi svo og aukna neytendavernd í samræmi við þriðju raforkutílskipun Evrópusambandsins. Orkustofnun tekur virkan þátt í tveimur starfshópum á vegum NordREG.

Vinnuhóparnir heita:

- Network regulation working group.
- Retail market monitoring working group.

Á hverju ári eru haldnir fjórir fundir á vegum NordReg Network regulation working group og annað hvort skilar hópurinn skýrslu eða heldur málstofur. Á árinu voru haldnar tvær málstofur þar sem fulltrúi frá raforkueftirliti á Íslandi tók þátt og hélt fyrirlestra. Fyrri málstofan sem var opin öllum fjallaði um hvaða hvatar eru í tekjumarkakerfinu til að minnka töp í dreifi- og flutningskerfum. Fulltrúar raforkueftirlita allra Norðurlandabjórðanna komu þar fram og lýstu því hvernig þessum málum er háttað í hverju landi fyrir sig, en einnig komu þar fram fulltrúar dreifiveitna og fulltrúi frá CEER. Hin málstofa var aðeins ætluð eftirlitsaðilum, þar var ræddur árangur eftirlitsaðilanna á Norðurlöndum og aðferðafræði við að meta hann.

Orkustofnun er aðili að CEER (Council of European Energy Regulators) sem er samráðsvettvangur fyrir reglunaraðila innan Evrópu.

Raforkueftirlit Orkustofnunar skilar orkutölfræði til International Energy Agency (IEA) og einnig til hagsýslustofnunar Evrópusambandsins (Eurostat) og tekur þátt í "Energy working group" innan Eurostat.



## 4.9 Kerfisáætlun

Með breytingum á raforkulögum á árinu 2015 fékk Orkustofnun nýtt hlutverk sem felst í eftirliti með kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins Landsnets. Landsnet skal nú árlega leggja fram kerfisáætlun sem felur í sér tvo meginþætti:

- annars vegar langtímaáætlun sem sýnir þá þætti í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra á næstu tíu árum,
- hins vegar skal kerfisáætlun fela í sér framkvæmdaáætlun sem sýnir ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfinu sem hafa þegar verið teknar og fjárfestingar sem þarf að ráðast í á næstu þremur árum.

Samkvæmt raforkulögum hefur Orkustofnun það hlutverk að fara yfir og meta kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum raforkulaga um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Mat Orkustofnunar á framkvæmdum á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar kemur í stað leyfisveitinga stofnunarinnar fyrir einstökum framkvæmdum. Þannig felur samþykki Orkustofnunar á kerfisáætlun í sér ígildi leyfis fyrir framkvæmdum á framkvæmdaáætlun flutningsfyrirtækisins.

Orkustofnun fékk kerfisáætlun 2019 – 2028 frá Landsneti til formlegrar meðferðar þann 30. ágúst 2019. Þann 14. nóvember 2019 gerði stofnunin athugasemdir við framlagða kerfisáætlun Landsnets og óskaði eftir breytingum á áætluninni.

Landsnet skilaði Orkustofnun endanlegri uppfærðri kerfisáætlun með breytingum þann 3. janúar 2020. Var það mat stofnunarinnar að áætlunin uppfyllti skilyrði raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku og var áætlunin samþykkt þann 12. febrúar 2020.

## 5 REKSTARÁÆTLUN RAFORKUEFTIRLITSINS

Í þessum kafla er fjallað um rekstur og rekstrarumfang raforkueftirlits, ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum. Ennfremur kemur fram rekstraráætlun fyrir árið 2019 og 2020.

### 5.1 Raforkueftirlitsgjald

Fjármögnun raforkueftirlits er grundvöllur á 31. gr. raforkulaga en í greindu ákvæði er kveðið á um að Orkustofnun skuli innheimta fyrir rikissjóð eftirlitsgjöld. Er flutningsfyrirtæki gert að greiða sem nemur 1 eyri fyrir hverja kWst af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið en dreifiveitum sem nemi 0,4 aurum á hverja kWst af þeirri raforku sem er móttækin frá flutningskerfi eða beint frá virkjun. Fyrir árið 2019 samsvöruðu tekjur af þessum gjöldum 109,8 m.kr. Um er að ræða 3,1 m.kr. eða 2,7% lækkun frá árinu 2018.

### 5.2 Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga

Raforkueftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum rekstrarkostnaði vegna eftirlits raforkueftirlitsins á grundvelli raforkulaganna. Um er að ræða lögboðið gjald fyrir eftirlit. Eftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum kostnaði af eftirliti og er því byggt á svipuðum sjónarmiðum og þjónustugjöld. Hins vegar er ekki um að ræða hreint þjónustugjald þar sem kostnaður við raforkueftirlit er breytilegur eftir árum og jafnvel mánuðum.

Fjöldmörg mál og eftirlitsverkefni raforkueftirlitsins eru almenns eðlis og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaðinn í heild, sama á við um verkefni sem varða innri starfsemi eftirlitsins. Í samræmi við þessi sjónarmið hefur löggjafinn gert ráð fyrir því í 2. mgr. 31. gr. raforkulaga að orkumálastjóri gefi skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað á hverju ári og að lagt sé mat á það hver þróun eftirlitsins hefur verið síðastliðin þrjú ár.

### 5.3 Nýting raforkueftirlitsgjalds

Notendur greiða á endanum raforkueftirlitsgjaldið sem innheimt er skv. 31. gr. raforkulaga enda er það inni í tekjumörkum sérleyfisfyrirtækjanna. Í samræmi við athugasemdir með frumvarpi til raforkulaga fellur meginþungi eftirlitsins undir eftirlit með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum en einskorðast ekki við þessa aðila heldur snýr einnig að vinnslufyrirtækjum. Þessi skilningur fær einnig stoð í úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála nr. 1/2010.

Kveðið er á um eftirlit með starfsemi samkvæmt raforkulögum í 24. gr. laganna:

„Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum.“

Í 28. gr. raforkulaga er einnig tekið fram að Orkustofnun hafi eftirlit með því að vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitur uppfylli kröfur um gæði og afhendingaröryggi sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

### 5.4 Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2019

Í meðfylgjandi töflu sést sundurliðun á kostnaði raforkueftirlits eftir verkefnaflokkum.

Tafla 7. Tekjur og gjöld 2019 [þ.kr.]

	Texti	Upphæð	Hlutfall
<b>A</b>	<b>Tekjur</b>	<b>109.854</b>	
<b>B</b>	<b>Vinnuþáttur OS</b>	<b>109.792</b>	
<b>C</b>	<b>Gjöld</b>		
	<b>Nr.</b>	<b>Texti</b>	
	1.	Leyfisveitingar.....	0 0,0%
	2.	Kerfisáætlun.....	0 0,0%
	3.	Viðskiptaskilmálar.....	319 1,6%
	4.	Uppgjör og setning tekjumarkna.....	2.451 12,3%
	5.	Raforkueftirlit, almennt.....	175 0,9%
	6.	Raforkulög og raforkureglugerðir.....	0 0,0%
	7.	Raforkuspá.....	10.881 54,7%
	8.	Fyrirspurnir, kvartanir og kærur.....	0 0,0%
	9.	Raforkuöryggi og gæði.....	1.058 5,3%
	10.	Gagnavinnsla.....	0 0,0%
	11.	Alþjóðleg samvinna.....	4.989 25,1%
	12.	Innlend samvinna.....	26 0,1%
		<b>Samtals gjöld.....</b>	<b>19.899 100,0%</b>
<b>A-B-C</b>	<b>Mismunur.....</b>	<b>-19.836</b>	

## 5.5 Yfirlit yfir árin 2017 til 2021

Fyrir árin 2017 til 2019 eru tekjur og gjöld skv. rauntölum. Fyrir árin 2020 og 2021 eru bæði tekjur og gjöld áætluð. Frá og með árinu 2021 er gert ráð fyrir 45% hækkun á raforkugjaldinu ásamt 1,9% hækkun vegna aukningu á dreifingu og flutning raforku í samræmi við upplýsingar í raforkuspá.

Tafla 8. Yfirlit fyrir árin 2017 til 2021 [þ.kr.]

Allar fjárhæðir í þús. Kr					Áætlað	Áætlað
		2017	2018	2019	2020	2021
	Vinnuframlag OS [klst.]	7.061	7.493	7.732	8.900	8.900
<b>A</b>	<b>Tekjur raforkueftirlits</b>	<b>109.175</b>	<b>112.940</b>	<b>109.854</b>	<b>162.255</b>	<b>165.300</b>
	Raforkueftirlitsgjald	109.175	112.940	109.854	162.255	165.300
	Aðrar tekjur	-	-	-	-	-
<b>B</b>	<b>Gjöld samtals</b>	<b>112.244</b>	<b>121.906</b>	<b>129.691</b>	<b>161.380</b>	<b>161.380</b>
b1	Vinna OS	93.023	106.401	109.792	126.380	126.380
b2	Aðkeypt þjónusta og annar kostn.	19.221	15.505	19.899	35.000	35.000
<b>A-B</b>	<b>Afgangur/-hali</b>	<b>-3.069</b>	<b>-8.966</b>	<b>-19.836</b>	<b>875</b>	<b>3.920</b>
	Uppsafnað	-48.292	-57.258	-77.095	-76.220	-72.300

## 5.6 Kostnaður raforkueftirlits

### 5.6.1 Vinnuþáttur OS [b1].

Fjöldi starfsmanna ræður mestu um helstu rekstrarstærðir raforkueftirlitsins og áætlað er að fjöldi ársverka aukist næstu ár. Þessu til stuðnings má m.a. benda á að Orkustofnun var fengið nýtt verkefni í tengslum við kerfisáætlun vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á raforkulögum með lögum nr. 26/2015. Gert er ráð fyrir að á árinu 2020 starfi fimm starfsmenn í fullu starfi við raforkueftirlit. Tími orkumálastjóra og starfsmanna, sem sinna stoðþjónustu við raforkueftirlitið innan Orkustofnunar er ekki skráður sérstaklega á verknúmer raforkueftirlitsins. Kostnaður á hverja vinnustund innheldur kostnað vegna launtengdra gjalda, orlofs, veikindaréttar, yfirstjórnar, húsnæðis, vinnuaðstöðu, tölvu- og prentkostnaðar og allrar stoðþjónustu. Stoðþjónustan sem um er að ræða er meðal annars vegna tækniþjónustu, skrifstofuhalds, rekstrar og bókhalds, skjalastjórnunar, símsvörunar, mötuneytis, fundaraðstöðu og bókasafns.

### 5.6.2 Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2]

Undir þessum lið er ýmis kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu, má þar nefna endurskoðun á bókhaldi eftirlitsskyldra aðila, nefnd til ákvörðunar á arðsemi fyrirtækjanna (WACC nefnd) o.fl. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir hækkun á kostnaði hjá raforkueftirliti sem skýrist m.a. af innleiðingu þriðja raforkupakkans.

## 5.7 Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2019

Samkvæmt 3. mgr. 31. gr. raforkulaga ber Orkustofnun að annast innheimtu gjalda til að standa undir kostnaði við eftirlit á grundvelli raforkulaga. Reiknað er með að afkoma raforkueftirlits Orkustofnunar á árinu 2020 verði töluvert betri en undanfarin ár vegna sérstaks aukaframlags á fjárlögum vegna innleiðingu á þriðja raforkupakkanum.

## Viðauki I – Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila



### Minnisblað Samorku

Dagsetning:	30. september 2020
Efni:	Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits rekstrarárið 2019. Ábendingar og athugasemdir SAMORKU, sbr. 2. mgr. 31. gr. raforkul. nr. 65/2003.
Unnið af:	Baldur Dýrfjörð
Dreifing:	Framkvæmdastjórar í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila. Orkustofnun.
Fylgiskjöl:	engin

SAMORKU hefur borist til umsagnar drög að skýrslu Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits fyrir árið 2019. Kallað var eftir ábendingum og athugasemdum frá fulltrúum í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila auk þess sem starfsmenn SAMOKRU rýndu skýrsluna.

#### 1. Inngangur

Í 1. mgr. inngangskafans skýrslunnar segir að orkumálastjóri skuli gefi ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað raforkueftirlitsins og þróun þess undan gengin þrjú ár. Hér er rétt að leggja áherslu á að samkvæmt nefndri 31. gr. raforkulaga nr. 65/2003 ásamt síðari breytingum er tekið fram að skýrslan skuli einnig fjalla um **framkvæmd raforkueftirlitsins** á liðnu ári og rekstrarkostnað næsta árs. Mikilvægt er að þetta sé gert með gleggstum hætti og þá efnislega í hverju eftirlitið er fólgið, ásamt tölfræði þar að lútandi. Nokkuð skorti á að þessum skilmerkjum sé nægilega fullnægt í skýrslunni.

Í 3. mgr. inngangskafans er talað um að „eftir hækkun rekstrargjalda er búist við ...“ o.s.frv. Hér er væntanlega átt við að eftir hækkun á raforkueftirlitsgjaldi og þar með tekjum eftirlitsins sé búist við að afgangur verði á rekstri eftirlitsins.

Í töflum um samanburð og þar með töflu 1. á bls. 7 eru borin saman tvö ár og síðan er þar mismunadálkur. Í forskrift hans er talað um mismun á árunum 2018 og 2017 sem á væntanlega að vera 2019 og 2018. Hins vegar má velja fyrir sér hvort ekki er nauðsynlegt m.v. tilvisun í 31. gr. raforkulaga nr. 65/2003 ásamt síðari breytingum hvort ekki væri rétt að samanburðartöflu næðu yfir þrjú ár, sbr. að í greininni er talað um þróun eftirlitsins s.l. þrjú ár.

#### 2. Markmið raforkueftirlits

Í lýsingu á markmiðum raforkueftirlitsins mætti skerpa enn betur á greinarmunurinn á milli sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi. Hér er vísað til þess að rétt er að tala um eftirlit með kostnað við raforkuflutning og -dreifingu þar sem afhendingaröryggi og -gæði skulu vera í fyrirrúmi. Í þessu samhengi er því tæplega rétt að tala um eftirlit með fyrirtækjum á „raforkumarkaði“ og „raforku gegn sanngjörnu verði“.

#### 3. Starfsemi raforkueftirlits

Til þess að auka gagnsæi í störfum raforkueftirlitsins er mikilvægt að fram komi nánari lýsing á einstökum starfssviðum þess. Í þessu samhengi má minna á að sérleyfisfyrirtækin telja mikilvægt að þau séu ekki að greiða fyrir aðra þætti í starfsemi Orkustofnunar en þá sem beint tilheyra þeirra starfsemi og því eftirliti sem að þeim snýr samkvæmt viðkomandi lögum og reglugerðum.

#### 4. Verkefni raforkueftirlitsins

Í umfjöllun um verkefni eftirlitsins er vísað til raforkulaga og tilskipunar Evrópusambandsins sem innleidd hefur verið í íslenska löggjöf á grundvelli EES samningsins. Spurning hvort hér sé rétt að uppfæra tilvísun í samræmi við nýja tilskipun EB (Directive 2009/72/EC) sem innleidd var í íslensk lög með lögum 112/2019 um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun. (Directive 2009/72/EC of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 concerning common rules for the internal market in electricity and repealing Directive 2003/54/EC). Sama á þá við um upptalningu og tilvísanir til viðkomandi greinar tilskipunarinnar og þær áherslubreytingar sem gerðar hafa verið á eftirlitinu með þriðja orkupakkanum. Í ljósi þess skýrslan horfir bæði til baka og fram á við er í það minnsta rétt að gera umrædda breytingu að umfjöllunarefni og hvort og hvaða breytingar það muni hafa í för með sér.

Í þessum kafla er fjallað um fjölmörg verkefni Orkustofnunar og þar með kvörtunarmál og fyrirspurnir um túlkun laga og reglugerða á raforkumarkaði. Eins og rakið hefur verið í fyrri athugasemdum Samorku er mjög mikilvægt að stofnunin birti tölfræði um þessi mál og þar með þróun milli ár. Í slíkri samantekt mætti einnig flokka umræddar kvartanir og fyrirspurnir ekki síst í því skyni að veiturnar geti metið hvort draga megi lærdóm af viðkomandi málum. Erfitt er að átta sig á því hvers vegna ekki er orðið við jafn sjálfsögðum beiðnum nema ástæðan sé einfaldlega sú að tilvikin séu engin önnur en þau kærurnar sem nefnd eru. Er hér minnt á þá skyldu opinberra eftirlitsaðila að eftirlitið sé skýrt og gagnsætt.

Í töflu 2 um „verkefni raforkueftirlits árið 2019, skipt eftir fjölda vinnustunda“ eru talin upp verkefni í þrettán liðum. Neðan við töfluna er síðan upptalning á fjórtán liðum sem eru ekki í neinu samhengi við töfluna, ýmist ekki um sömu liði að ræða eða þeir ekki með sömu númer.

Þegar horft til einstakra liða hvort heldur er í töfluni eða yfirlitinu er rétt að áréttta fyrri athugasemdir Samorku um mikilvægi þess að greint sé á milli þeirra þátta sem sannarlega snúa að eftirlitsþáttum Orkustofnunar og hinum sem snúa að öðrum þáttum. Má til dæmis minna á að samkvæmt 8. kafla raforkulaga er greitt sérstaklega fyrir ýmis leyfi sem Orkustofnun veitir og þau gjöld eiga væntanlega að standa undir kostnaði vegna þeirra. Því er óeðlilegt að sá kostnaður sé einnig færður hér. Hér má einnig nefna liðinn öflun gagna og miðlun upplýsinga sem miðað við lýsingu tekur til mun fleiri þátta en þeirra sem snúa að raforkueftirlitinu og sama á við um liðinn alþjóðleg samvinna sem fjallar um skil á tölfræði upplýsingum um orkumál til Eurostat og IEA.

#### 4.1 Söfnun bókhaldsgagna

.....

#### 4.2 Uppgjör tekjumarka og veginn fjármagnskostnaður

Velta má fyrir sér hversu lýsandi mynd 2 er og þá einkum með tilliti til þess hversu ólík sérleyfisfyrirtækin eru, annars vegar flutningsfyrirtækið og dreifiveiturnar, en einnig dreifiveiturnar innbyrðis. Hér þarf fyrst og fremst að hafa í huga mjög misstóran eignastofn fyrirtækjanna og þar með hvernig fjármagnsgjöld koma fram í þessar hlutfallstölum. Þetta vísar einnig til þess hversu misvísandi er að tala um arð sem eitt af hlutfallsviðmiðinu þar sem í raun er um að ræða allan fjármagnskostnað fyrirtækjanna, þ.e. tekur til kostnaðar jafnt að lánsfé og eiginfé. Með þetta í huga er ljóst að erfitt er að sjá hvaða upplýsingum viðkomandi súlurit á mynd 2 er ætlað að koma til skila og mætti að ósekju sleppa. Í það minnsta þurfa þá skýrar upplýsingar að fylgja sem draga fram framangreinda ólíka þætti sem síðan leiða til niðurstöðunnar.

Í heiti töflu 4 eru tvö ártöl árið 2017 og 18 en aðeins dálkur fyrir árið 2018, sama er með ártöl í heiti töflu 6 á bls. 13.

#### **4.3 Eftirlit með gjaldskrá sérleyfisfyrirtækja**

.....

#### **4.4 Þátttaka í nefndum og vinnuhópum á vegum ANR**

Eins og nefnt hefur verið í fyrri athugasemdum Samorku er erfitt að sjá forsendur þess að þátttaka í nefndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins eigi að falla undir eftirlitskostnað með sérleyfisfyrirtækjum. Eftir því sem best er vitað er hér um að ræða hefðbundið stjórnábyrgðarkerfi sem eru tilkomin vegna vilja ráðherra og Alþingis til að vinna úrbótatillögur í afmörkuðum verkefnum.

#### **4.5 Gæði raforku og afhendingaröryggi**

Í þessum kafla er áætling á því hvernig eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi skuli háttáð og viðbrögð við því ef út af bregður í þeim efnum. Hér væri við hæfi að fram komi upplýsingar um framkvæmd eftirlitsins og þar með hvort grípa hefur þurft til aðgerða í kjölfar einstakra eftirlitsþátta. Hlýtur það að vera í samræmi við þá kröfu sem fram kemur í 31. gr. að skýrslan fjalli um framkvæmd eftirlitsins og áður er vikið að.

#### **4.6 Mál fyrir úrskurðarnefnd**

....

#### **4.7 Leyfisveitingar**

Áður er vikið að því að sérstaklega er innheimt fyrir leyfisveitingar Orkustofnunar og spurning hvort eðlilegt er að telja þær sérstaklega með undir skýrslu um eftirlit með sérleyfisstarfsemi.

#### **4.8 Erlent samstarf**

Erlent samstarf er Orkustofnun mikilvægt og jafnframt mikilvægt að þekking, reynsla, nýjungar o.s.frv. sem út úr því koma sé kynnt eftirlitsskyldum aðilum, þ.e. sérleyfisfyrirtækjunum. Engu að síður er nauðsynlegt að kostnaðarlega sé greint á milli þess samstarfs sem snýr að eftirlitshlutunum og öðru samstarfi. En ljóst er af lýsingu á samstarfinu að hluti þess tilheyri ekki sérleyfisstarfsemi.

#### **4.9 Kerfisáætlun**

.....

### **5. Rekstraráætlun raforkueftirlitsins**

#### **5.1 Raforkueftirlitsgjald**

.....

#### **5.2 Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga**

Eins og komið er fram leggja eftirlitsskyldir aðilar áherslu á að kostnaði við eftirlit sé haldið í lágmarki og endurspeglji einmitt þau sjónarmið sem hér koma fram að gjaldtaka byggji á sjónarmiðunum um þjónustugjöld. Því fylgir þá einnig sú ályktun að gjaldskyldir aðilar séu ekki að greiða fyrir aðra starfsemiþætti en þá sem snúa beint að eftirliti með sérleyfisstarfsemi.

#### **5.3 Nýting raforkueftirlitsgjalds**

Við er til þess sem fram kemur hér að framan (kafla 5.2) og fyrri athugasemda Samorku hér að lútandi. Eðlileg krafa er að lagaákvæðin hér að lútandi séu skýr og varhugavert að draga íþyngjandi ályktanir af óskýru orðalagi laganna og greinargerðar með þeim. Augljóst er að 24. gr. raforkulaga

visar til eftirlitshlutverks Orkustofnunar í heild sinni og þar með til eftirlits með fyrirtækjum á samkeppnismarkaði.

#### 5.4 Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2019

Áður hefur verið vikið að ósamræmis á milli töflu 2. „Verkefni raforkueftirlits árið 2019“, skipt eftir fjölda vinnustunda og töflu 7. „Tekjur og gjöld 2019“ (vinnuþáttur OS í þús. króna - gjöld). Hefur þeim svarað með þeim hætti að ekki sé samhengi milli skráðra vinnustunda á einstaka verkliði (verkbókhald) og síðan gjaldfærslu á sömu gjaldaliði í bókhaldi. Samkvæmt þessu geta verið hundruða vinnustunda á bak við verklið eins og leyfisveitingar og kerfisáætlun án þess að nokkur færsla komi á þann lið í gjaldabókhaldinu. Samkvæmt þessu getur verið mjög erfitt fyrir eftirlitskyldir aðilar að átta sig á því hvað af kostnaði Orkustofnunar eftirlitsgjöldin eru nákvæmlega að dekkja. Af töflu 8 má þó draga þá ályktun að stór hluti eftirlitsins felist í aðkeyptri þjónustu og eigi eftir að aukast til muna á komandi árum án þess að það sé rökstutt frekar.

Miðað þessa framsetningu er greinilega nauðsynlegt að nánari upplýsingar en þær sem fram koma í framangreindum töflum séu birtar.

#### 5.4 Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2019

Í meðfylgjandi töflu sést sundurlitum á kostnaði raforkueftirlits eftir verkefnaflokkum.

Tafla 7. Tekjur og gjöld 2019 [þ.kr.]

	Texti	Upphæð	Hlutfall
<b>A</b>	<b>Tekjur</b>	<b>109.854</b>	
<b>B</b>	<b>Vinnuþáttur OS</b>	<b>109.792</b>	
<b>C</b>	<b>Gjöld</b>		
	Nr.		
	Texti		
	1. Leyfisveitingar	0	0,0%
	2. Kerfisáætlun	0	0,0%
	3. Viðskiptaskilmálar	319	1,6%
	4. Uppgjör og setning tekjumarka	2.451	12,3%
	5. Raforkueftirlit, almennt	175	0,9%
	6. Raforkulög og raforkureglugerðir	0	0,0%
	7. Raforkuspá	10.881	54,7%
	8. Fyrirspurnir, kvartanir og kærur	0	0,0%
	9. Raforkulög og raforkureglugerðir	0	0,0%
	10. Raforkuöryggi og gæði	1.058	5,3%
	11. Gagnavinnsla	0	0,0%
	12. Alþjóðleg samvinna	4.989	25,1%
	13. Innlend samvinna	26	0,1%
	<b>Samtals gjöld</b>	<b>19.899</b>	<b>100,0%</b>
<b>A-B-C</b>	<b>Mismunur</b>	<b>-19.836</b>	

Tafla 2. Verkefni raforkueftirlits árið 2019, skipt eftir fjölda vinnustunda

Nr.	Texti	Hlutf.	Fjöldi tíma
1.	Leyfisveitingar	5,6%	432
2.	Kerfisáætlun	21,0%	1.621
3.	Viðskiptaskilmálar	1,8%	142
4.	Uppgjör og setning tekjumarka	9,7%	752
5.	Raforkueftirlit, almennt	24,8%	1.921
6.	Raforkulög og raforkureglugerðir	6,4%	493
7.	Raforkuspá	1,3%	101
8.	Fyrirspurnir, kvartanir og kærur	0,0%	0
9.	Raforkulög og raforkureglugerðir	14,8%	1.144
10.	Raforkuöryggi og gæði	4,4%	341
11.	Gagnavinnsla	2,7%	207
12.	Alþjóðleg samvinna	5,5%	429
13.	Innlend samvinna	1,9%	151
	<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>	<b>7.732</b>

#### 5.5 Yfirlit yfir árin 2017 til 2021

Í þessum kafla er m.a. fjallað um fyrirliggjandi hækkunar á eftirlitsgjöldum í tengslum við innleiðingu á þriðja orkupakkanum. Í umsögn Samorku um breytingar á raforkulögum í tengslum við þessa innleiðingu voru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða hækkun raforkueftirlitsgjaldsins og er rétt að áréttar þær hér.

„Við setningu raforkulaga árið 2003 tók Alþingi í raun ákvörðun um að taka innleiðingu regluverks Evrópusambandsins nánast í frá einu skrefi og undanþágur í litlum mæli nýttar. Aðskilnaður milli samkeppnisþátta og sérleyfisþátta var í löggjöfni upphafi og þar með skilmerki um tekjumörk og eftirlit með gjaldskrá flutningsfyrirtækis og dreifingarfyrirtækja raforku. Mikil vinna fór á sínum tíma í innleiðinguna og síðan endurskoðun á því á árunum 2004 og 2008 og reyndar nokkrum sinnum eftir það. Með sanni má því segja að eftirlitshlutverk Orkustofnunar hafi frá upphafi verið ágætlega skýrt í lögnum og eftirlit með tekjumörkum og gjaldskráum því mjög virkt af hennar hálfu.“

*Þrátt fyrir að eðlilegt sé að skerpa á sjálfstæði eftirlisthlutverks Orkustofnunar gagnvart öðrum stjórnvöldum þýðir það ekki sjálfkrafa að verkefni hennar breytist eða aukist umfram það sem nú er. Sama á við um þau ákvæði sem fela í sér auknar heimildir til veitingu áminninga eða álagningar stjórnvaldssekta.*

*Með þetta í huga getur Samorka ekki tekið undir nauðsyn þess að hækka eftirlitsgjöld samkvæmt 31. gr. raforkulaga í þeim mæli sem lagt er til í 6. gr. frumvarpsins og skiptir þá ekki máli þó gert sé ráð fyrir að hægt verði að varpa umræddum kostnaði út í verð þjónustunnar."*

Í þessum kafla talað um að á árinu 2021 sé „miðað við að 45% hækkun á raforkueftirlits gjaldinu hafi verið verið lögfest“. Þetta orðalag er þeim hætti að þessi breyting sé í vændum og hafi enn ekki orðið að veruleika, en með lögum 112/2019 var þessi breyting lögfest og gjaldið nú 0,58 aurar í stað 0,40 aura áður og 1,45 aurar í stað 1 eyris áður. Eðlilegt er að orðalagið endurspegl þetta.

## **5.6 Kostnaður raforkueftirlits**

Vísað er til þess sem fram kemur hér að ofan um athugasemdir og ábendingar um kostnað við eftirlitið.

## **5.7 Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2019**

....

### **Samantekt**

Aðildarfyrtækja SAMORKU gera sér grein fyrir því að mjög eðlilegt er að hið opinbera hafi eftirlit með starfsemi sérleyfisfyrirtækja í raforkudreifingu og raforkuflutningi. Leiðir það af eðli málsins. Hins vegar ber að hafa í huga að heilt yfir er rekstur þessara fyrirtækja í föstum skorðum milli ára og snertifletir við viðskiptavinum byggja í grunninn á vel skipulagðri þjónustu þar sem virkur þjónustutími er allur sólarhringurinn, alla daga ársins. Frá okkar bæjardyrum séð eru frávik í þessari þjónustu lítil og markvisst unnið að því að lágmarka þau enn frekar. Búi Orkustofnun yfir frekari upplýsingum um frá viðskiptavinum fyrirtækjanna og tölfraði þar að lútandi er mjög mikilvægt að þær komi fram.

Mikilvægt er því að eftirlitsaðilar leiti ávallt nýrra leiða til þess að lágmarka eftirlit sitt með því að laga það að tækninýjungum og viðurkenndum aðferðum í innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra sem eru hluti af vottuðum gæðakerfum þeirra, sem aftur eru tekin út af óháðum ytri úttektaraðilum.

Samorka og aðildarfyrtækja þakka að lokum ágætt samstarf við Orkustofnun og starfsfólk hennar.



## Viðauki II – Álit orkumálastjóra við athugasemdir samráðsnefndar

Í þessum viðauka koma fram skýringar raforkueftirlits við umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila við drög að skýrslu Orkustofnunar til iðnaðar og nýsköpunarráðherra en skv. 24. gr. raforkulaga nr. 65/2003 skal umsögn samráðsnefndar fylgja skýrslunni og fær því nefndin skýrsluna til umsagnar áður en hún er gefin út.

Athugasemdir samráðsnefndar kom fram í Viðauka I.

Athugasemdir samráðsnefndar bárust Orkustofnun með minnisblaði merktu Samorku dags. 30. september 2020.

Orkustofnun hefur eftirfarandi athugasemdir við umsögn samráðsnefndar.

Í athugasemd samráðsnefndar kemur fram að skerpa þurfi á markmiðum raforkueftirlitsins. Tímaskráning og skráning á kostnaði er skráð á ákveðin verknúmer og í skýrslunni er ákveðin samantek að mestu byggð á yfirflokkum og telur stofnunin að sú sundurliðun skýri nægjanlega vel út í hverju starfsemi eftirlitsins er fólgin.

Einnig kemur fram í athugasemdum samráðsnefndarinnar að það sé mat hennar að ákveðin verkefni falli frekar undir almenn stjórnábyrgð og frekar en að þau tilheyri starfsemi raforkueftirlits. Orkustofnun starfrækir verkefnaskráningarkerfi og öll verkefni sem stofnunin telur falla undir starfsemi raforkueftirlits eru skráð á sérstakan lykíl. Nær öll vinna sem er framkvæmd af raforkueftirliti tengist raforkulögum og raforkueftirlitsgjaldi að mati stofnunarinnar. Eina undantekningin er vinna við upprunaábyrgðir en þar sem gert er ráð fyrir sérframlagi í fjárlögum vegna þessa þáttu telur stofnunin að eðlilegt sé að sú vinna sé framkvæmd af raforkueftirliti. Við innleiðingu á þriðju raforkutilskipuninni hefur einnig verið skerpt á því hvaða verkefni tileyra raforkueftirliti og hver ekki. Þetta á bæði við um verkefni skráð undir innlend samvinna og alþjóðleg samvinna.

Þá var óskað eftir frekari sundurliðun á lið nr. 8. Fyrirspurnir, kvartanir og kærur. Undir þessum yfirflokkum eru þrjú undirnúmer. Það var mat Orkustofnunar að í skýrslu til ANR þyrfti ekki að vera nákvæmari sundurliðun en stofnunin getur, sé þess óskað, veitt ítarlegri sundurliðanir. Sundurliðun á lið 8. sést í töflu hér að neðan.

Nr.	Texti	Fjöldi tíma
8.	Fyrirspurnir, kvartanir og kærur.....	
	Fyrirspurnir .....	235
	Kvartanir.....	709
	Kærur.....	200
	<b>Samtals.....</b>	<b>1.144</b>

Í athugasemd við fjórða kafla er minnst á að samkvæmt 8. kafla raforkulaga (33. gr.) eru ákvæði um gjaldtöku vegna útgáfu leyfa. Um er að ræða heimild fyrir veitingu virkjunarleyfa, leyfi til að reisa og reka dreifikerfi og fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti. Um er að ræða skatt sem skilað er til ríkissjóðs og skráist því innheimta á þessum leyfisgjöldum ekki sem tekjur hjá raforkueftirliti né Orkustofnun. Raforkueftirlit kemur heldur ekki að útgáfu virkjunarleyfa en leyfi til að reisa og reka dreifikerfi ásamt útgáfu á leyfi til að stunda raforkuviðskipti er á verksviði raforkueftirlitsins.

Í skýrslu til ANR er tafla 2. sem sýnir fjölda vinnustunda eftir yfirflokkum sem hægt er að sundurliða nánar. Í töflu 7 er eru sýndar tekjur, kostnaður vegna vinnuþáttar án sundurliðunar en þar eru einnig tilgreind gjöld sem eru gjaldfærð á raforkueftirlit. Einnig kemur þar fram afkoma raforkueftirlits. Yfirflokkar eru þeir sömu í töflu 2 og töflu 7. Kostnaður sem skráður er í töflu 7 er gjaldfærður kostnaður sem byggist á reikningum sem Orkustofnun greiðir. Stærsti liðurinn er kostnaður vegna raforkuspár en Orkustofnun greiðir reikninga frá Eflu vegna raforkuspár en innheimtir síðan 50% af gjaldfærðum kostnaði hjá Landsneti.

Varðandi mynd 2 í kafla 4.2. er sett út á að myndin sé ekki nógu lýsandi. Orkustofnun telur að myndin sýni einmitt hversu ólík fyrirtækin eru m.t.t. hlutfalls mismunandi kostnaðarliða sem tekjumörkin reikna út. Svona mynd dregur t.d. fram hvernig dreifiveitur borga Landsneti flutningskostnað og þá hvernig tekjumörk Landsnets hafa bein áhrif á tekjumörk dreifiveitna. Einnig er mikilvægt að skoða hvort kostnaðarskipting dreifiveitna skv. tekjumörkum sé mismundandi m.a. til að leggja mat á það hvort nauðsynlegt sé að skoða slíkt nánar. Einnig er slíkur samanburður áhugaverður.

Einnig telur samráðsnefndin að notkun á orðinu *leyfð arðsemi* sé misvísandi. Málnotkunin *leyfð arðsemi* er í samræmi við 2. tölul. 12. og 17.gr. raforkulaga, en þar er orðið *arðsemi* notað.

Í 2. tölul. 12. gr. kemur fram að arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði

Í 2. tölul. 17. gr. kemur fram að arðsemi af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði

Það er þó ekki slæm hugmynd að skipta leyfðri arðsemi upp í leyfða arðsemi af eigið fé (eða leyfðan hagnað) og leyfðan lánsfjáarkostnað og verður það skoðað fyrir næstu skýrslu.

Í drögum að skýrslunni var orðalag í kafla 5.5 „Yfirlit yfir árin 2017 til 2021“ miðað við að þrátt fyrir gildistöku breytinga á raforkulögum varðandi hækkun á raforkueftirlitsgjaldinu sem átti að taka gildi 1.1. 2020 kæmi hækkunin ekki inn í fjárlög Orkustofnunar fyrr en 2021. Það hefur hins vegar komið í ljós að í fjárlögum 2020, fyrir Orkustofnun, er gert ráð fyrir þessari hækkun og í ljósi þess verður textanum breytt í kafla 5.5.

Verklag og verkferlar raforkueftirlits eru stöðugt í skoðun og ef hægt er að einfalda verkferla og stytta afgreiðslutíma verkefna er það að sjálfsögðu gert.

Við innleiðingu þriðja raforkupakkans með lögum um breytingu á raforkulögum nr. 112/2019 mun raforkueftirlit fara betur yfir þau verkefni sem eru tilgreind í tilskipun 2009/72/EB og má þá nefna 36. gr. og 37. gr. tilskipunarinnar og þannig skilgreina hvaða verkefni falli undir verksvið raforkueftirlits.



